

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

17. - 21. febrúar

Þemadagar miðvikudag og fimmtudag

Ævilangt

Íslensk stafrófsvísa

Elsku heimur

Föstudagslagið

Borðsálmur (öll erindi)

24. - 28. febrúar

Vetrarfrí mánudag og þriðjudag

Nú er napur norðanvindur

Kvöldvísur

Elsku heimur

Ævilangt

Íslensk stafrófsvísa

3. - 7. mars

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur

Aravísur

Úti í bæ á öskudag

Ævilangt

Íslensk stafrófsvísa

Nú er napur norðanvindur

Ævilangt

Lag og ljóð: Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir og Þormóður Eiríksson

Þegar ég sá þig

Fann ég tilganginn

Augnablikið frosið

Þú ert allur heimurinn

Ég finn frið í þínu fangi

Ég verð þar alla tíð

Nú ég skil þú ert lífið

Sem ég hef beðið eftir

Svo líða árin

Og þú fetar veginn þinn

Ég skal þerra tárin

Vera klettur' til' að styðjast við

Ég vona' að sólin skíni á þig

Hvert skref á leiðinni

Þú vitir að það dimmir alltaf áður

En það birtir til

Frá morgni dags til sólarlags

ást mín endist ævilangt

Endist ævilangt

Endist ævilangt

Íslensk stafrófsvísa

Lag: Höfundur ókunnur

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

A, á, b, d, ð, e, é,

f, g, h, i, í, j, k.

L, m, n, o, ó og p,

eiga þar að standa hjá.

R, s, t, u, ú, v næst,

x, y, ý, svo þ, æ, ö.

Íslenskt stafróf er hér læst

í erindi þessi skrítnin tvö.

Úti í bæ á öskudag

Lag: Jón Ásgeirsson

Ljóð: Ragnheiður Vigfúsdóttir

Úti í bæ á öskudag

eru skrítnin læti.

Krakkar á því kunna lag,

kvik og létt á fæti.

Létt og hljótt þau læðast um

lauma á fólkið pokum.

Tralla la la...

Nú er napur norðanvindur

Ungverskt þjóðlag

Ljóð: Ólafur Kristjánsson í Mýrarhúsum

Nú er napur norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
mundi ég láta þær allar inn,
elsku bestu vinur minn.

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
– klapp klapp!*

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
– klapp klapp!*

*Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
– klapp klapp!*

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með þoka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól.

Kvöldvísur

Íslenskt þjóðlag

Ljóð: Höfundur ókunnur

Kvöldu tekur, sest er sól,
sígur þoka á dalinn.
Komið er heim á kvíaból
kýrnar, féð og smalinn.

Senn er komið sólarlag,
sést á norðurtindum,
lítur á þennan dýrðardag.
Drottinn stýri vindum.

Aravísur

Lag: Ingibjörg Þorbergsdóttir

Ljóð: Stefán Jónsson

Hann Ari er lítill, hann er átta ára trítill
með augu mjög falleg og skær.
Hann er bara sætur,
jafnvel eins, þá hann grætur
og hugljúfur þegar hann hlær.
En spurningum Ara er ei auðvelt að svara:
Mamma af hverju er himininn blár?
Sendir Guð okkur jólin?
Hve gömul er sólin?
Pabbi, því hafa hundarnir hár?
*Tra la la la, tra la la la la,
tra la la la, tra la la la la.*

Bæði pabba og mömmu og afa og ömmu
þreytir endalaust spurninga suð:
Hvar er sólin um nætur?
Því er sykurrinn sætur?
Afi, gegndu, hver skapaði Guð?
Hvar er heimsendir amma?
Hvað er eilífðin, mamma?
Pabbi, af hverju vex á þér skegg?
Því er afi svo feitur?
Því er eldurinn heitur?
Því eiga ekki hanarnir egg?
*Tra la la la, tra la la la la,
tra la la la, tra la la la la.*

Það þykkar í Ara, ef þau ekki svara
og þá verður hann ekki rór,
svo heldur en þegja, þau svara og segja:
Þú veist það er verðurðu stór.
Fyrst hik er á svári, þá hugsar hann Ari
og hallar þá kannski undir flatt
og litla stund þegir, að lokum hann segir:
Þið eigið að segja mér satt.

Borðsálmur

Lag: Stúdentasöngur frá 18. öld
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Það er svo margt ef að er gáð,
sem um er þörf að ræða;
ég held það væri heillaráð
að hætta nú að snæða.

Heyrið þið snáða,
hvað er nú til ráða?
það mun best að bíða
og hlýða.

Á einum stað býr þriffin þjóð
með þvegið hár og skjanna,
við húsbændurna holl og góð
sem hundrað dæmi sanna.

Hvað er að tarna?
hvað sagðirðu þarna?
Mættum við fá meira
að heyra.

Þar eru blessuð börnin frönsk
með borðalagða húfu,
og yfirvöldin illa dönsk
á annarri hverri þúfu.

Hættu nú, herra!
Hér mun koma verra
sem þér er betra' að þegja um
en segja um.

Elsku heimur

Úr Fíásól gefst aldrei upp
Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Þú ert svo sem ágætur
krúttlegur og kringlóttur
En elsku heimur,
þú mættir bæta þig

Himinn er stundum grár
og sjórinn ekki nógu blár
Svo elsku heimur,
þú mættir bæta þig

Ég skal gera mitt
— þá verður þú að gera þitt
Byrjum á okkur sjálfum
svo kemur allt hitt

Veröldin er agaleg
eða er það kannski bara ég?
En allavega, þú mættir bæta þig

Ég skal gera mitt
— þá verður þú að gera þitt
Byrjum á okkur sjálfum
svo kemur allt hitt

Við búum víst á þessum stað
og ég kann að meta það
En elsku heimur,
þú mættir bæta þig
En elsku heimur,
þú mættir bæta þig.

Föstudagslagið

Lag og ljóð: Sigurlaug Elín Þórhallsdóttir

Hvaða dagur er í dag?
Hvaða dagur er í dag?
Það er föstudagur í dag
og við syngjum föstudagslag!

Það er ekki skóli á morgun
og það er ekki skóli á hinn.
 Því það er föstudagur í dag
 og við syngjum föstudagslag!
Kannski hittumst við í sundi!
Kannski klöppum við sætum hundi!
Lúrum lengi á laugardaginn og
bökum þönnsur á sunnudaginn!
 Því það er föstudagur í dag
 og við syngjum þetta lag!